

## 0.1 Vinnutími þroskaþjálfra í grunnskólum:

Þroskaþjálfar í grunnskólum hafa vinnuskyldu allt árið, en þeir geta flutt vinnuskil sinni milli árstíma, þ.e. unnið meira þann tíma sem skólinn starfar og átt lengra frí á sumrin.

Þjálfun nemenda og undirbúningur (30\*37) 1.110 klst.

Samráð, námsmat, stöðumat aðlögun, samstarf við fagaðila utan og innan skólans og foreldra ráðgjöf til kennara og annarra starfsmanna, endurmenntun (8\*36) 288 klst.

Bundin viðvera vegna starfsmannafunda, viðtalstíma og samvinna innan skóla (9,14\*37) 338 klst.

Undirbúningur utan skólatíma (8\*8) 64 klst.

Samtals 1.800 klst.

Framangreint skal útfært í samræmi við 3. grein sérákvæða.

### 0.1.1 Skipulag vinnutíma þroskaþjálfra.

Skipulag vinnutíma þroskaþjálfra í leikskólum og grunnskólum skal mótast í samráði viðkomandi stjórnenda með hverjum þroskaþjálfra. Stjórnendur skulu rökstyðja fyrir þroskaþjálfum áform sín um skipulag vinnutímans og endanlega ákvörðunartöku eftir samráðið.

Við ákvörðun vinnutímaskipulagsins skal til viðbótar beinni vinnu með nemendum þess gætt að þroskaþjálfinn hafi nægan tíma til gerðar einstaklingsnámsskrár, undirbúnings, náms- og stöðumats, aðlögunar, samstarfs við fagaðila utan og innan skólans og foreldra. Einnig að tryggður sé nægur tími til ráðgjafar til kennara og annarra starfsmanna og skráningar upplýsinga og hvers kyns umsjónarstarfa. Auk þess skal tryggja gott svigrúm fyrir þroskaþjálfra til endur- og símenntunar. Einnig skal ætla tíma til nauðsynlegrar handleiðslu.

Sérstaklega skal fjallað um samvinnu og stuðning annarra starfsmanna við störf þroskaþjálfra við heildarskipulagningu vinnunnar.

Mikilvægt er að mat á skiptingu vinnutíma þroskaþjálfra í einstaka þætti sé raunhæft og að tillit sé tekið til tímabundins álags og árstíðabundinna breytinga á verkefnum hans. Þess skal gætt að sá tími sem þarf til að sinna verkefnum þroskaþjálfra á faglegan og skipulegan hátt þar sem tekið er tillit til framangreindra þátta og rúmast ekki innan dagvinnumarka sé greiddur með yfirvinnukaupi.

Stjórnendur skulu nýta sér framangreindar vinnuaðferðir.

## **Bókun 7**

### **Vinnutími þroskaþjálfra í grunnskólum**

Samningsaðilar eru sammála um að taka til reynslu nýtt fyrirkomulag um skiptingu 30 klukkustunda þjálfunar- og undirbúningstíma þroskaþjálfra í grunnskóla.

Skólaárið 2011 – 2012 verði þjálfunarstundir á bilinu 17,33 – 24,00 klukkustundir.

Við mat á skiptingu vinnutímans skal horft til starfslýsingar þroskaþjálfra, aðstæðna og verkefna í hverjum skóla, samanber grein 2.3. um skipulag vinnutíma þroskaþjálfra. Ef starfsmaður ber ábyrgð á stjórnun á ofangreint ekki við.

Þroskaþjálfri skal hafa gott svigrúm til endur- og símenntunar sem heimilt er að sækja utan starfstíma skóla í samráði við yfirmann.

Til að meta árangurinn af ofangreindu fyrirkomulagi munu aðilar funda í samstarfsnefnd og fara yfir gögn frá Menntasviði um áætlaða skiptingu á milli þjálfunar- og undirbúningstunda skólaárið 2011 – 2012. Aðilar hittist eigi síðar en 20. október 2011 og aftur 23. febrúar 2012. Aðilar munu leggja mat á hvort nýtt fyrirkomulag vinnutímaskilgreiningar fyrir þroskaþjálfra í grunnskólum verði þróað áfram.